



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



SAMBAND
GARÐYRKJUBÆNDA



Landssamtök
sauðfjábænda



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA

Reykjavík 4. apríl 2019

Efni: Umsögn um drög að innkaupastefnu matvæla fyrir opinbera aðila, mál S-97/2019.

Bændasamtök Íslands, Landssamtök sauðfjábænda, Landssamband kúabænda og Samband garðyrkjubænda fagna framkomnum drögum að innkaupastefnu matvæla fyrir opinbera aðila og telja stefnumótun sem þessa mikilvægt verkefni og jafnframt í samræmi við stefnu félaganna.

Þau drög sem fyrir liggja eru afrakstur vandaðrar vinnu og víðtæks samráðs og virðist til mikillar fyrirmyndar. Vert er að minna á að nauðsynlegt er að samþætta sem best opinbera stefnumótun og því þarf innkaupastefna að ríma við aðra stefnumótun, s.s. matvælastefnu, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum o.fl.

Það er einkar jákvætt að ætlunin sé að leggja aukna áherslu á lýðheilsu, heilnæmi matvæla og vistvæna og sjálfbæra framleiðsluhætti.

Taka verður undir þau orð í drögunum að tryggja verði fjármagn til innleiðingar stefnunnar, sem og viðeigandi fræðslu og leiðsögn til framleiðenda, neytenda og kaupenda, m.a. með skýrari verklagsreglum. Samstarf ríkis og sveitarfélaga er mikilvægt og ánægjulegt ef hægt er að samræma verklag við innkaup á matvörum.

Vænta má þess að innleiðing innkaupastefnu eins og kynnt er í drögunum geti falið í sér margvíslegan ávinning fyrir alla hagaðila, hvort sem lítið er til umhverfislegra þátta, lýðheilsu eða þeirrar hvatningar sem drögin fela í sér fyrir innlenda framleiðendur. Þá er algjört meginatriði við innleiðingu stefnunnar að þeir sem annast opinber innkaup verði tryggð nauðsynleg verkfæri til að framfylgja henni svo hún nái fram að ganga. Gæðamatvæli kosta óhjákvæmilega meira og taka verður tillit til þess.

Búnaðarþing 2018 ályktaði um innkaupastefnu ríkisins þess efnis að hún skyldi endurskoðuð ásamt lögum um opinber innkaup, með það að markmiði að opinberar stofnanir skyldu velja innlend matvæli þar sem því væri við komið. Þannig yrði stutt við innlenda matvælaframleiðendur og jafnframt stuðlað að minni losun gróðurhúsalofttegunda sem falla til við flutning til landsins. Það væri mat þingsins að ríkið skyldi kaupa matvæli sem hafa hvað minnst kolefnisfótspor. Í greinargerð með ályktuninni er bent á að á næstu árum er opnað á aukinn innflutning matvæla með tollasamningi við Evrópusambandið en þau matvæli eru oftar

en ekki framleidd með lægri framleiðslukostnaði. Þannig megi styrkja samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar með aukinni áherslu á innlend matvæli í innkaupastefnu ríkisins.

Í þessu samhengi var á búnaðarþingi 2018 einnig ályktað um merkingar og eftirlit með landbúnaðarvörum á markaði, þ.e. um nauðsyn þess að tryggja skuli að í gildi séu viðeigandi reglur um vandaðar og áberandi merkingar á öllum matvælum og öðrum landbúnaðarafurðum, innlendum sem innfluttum. Merkingarnar taki m.a. til uppruna, ferils, framleiðsluhátta, innihalds og geymsluskilyrða. Við innflutning matvæla og annarra landbúnaðarafurða verði sérstök áhersla lögð á að réttum reglum sé fylgt varðandi heilbrigði, tollafgreiðslu og merkingar. Með virkri vöruskoðun verði tryggt að rétt heilbrigðisvottorð fylgi ævinlega þeirri vöru sem til landsins kemur. Jafnframt sé mikilvægt að kanna að rétt tollflokkun sé viðhöfð. Koma þarf í veg fyrir að erlendar vörur séu með villandi eða blekkjandi merkingum seldar sem innlendar. Uppruni þeirra skuli ávallt aðgengilegur neytendum, hvort sem er í verslunum, veitingastöðum eða mótuneytum.

Að því sögðu lýsa félögin ánægju með drögin og eru reiðubúin til áframhaldandi samráðs og samstarfs um málið.

Virðingarfyllst

f.h. LK, LS, BÍ og SG,


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir